

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/105
komudagur 23.11.2005



Reykjavík, 22. nóvember 2005.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja, 4. mál, þskj. 4 á 132. löggjafarþingi. Flutningsmenn: Þingmenn Samfylkingarinnar.

Bandalagið lýsir sig samþykkt meginhugsun tillögunnar. Þó skal bent á sérstöðu þeirra sem ekki eiga neinn lífeyrisrétt, samanber lög um aldurstengda örorkuuppbót.

Lagt er til að í stað orðanna “í samræmi við neysluútgjöld lífeyrisþega” komi í *samræmi við neysluútgjöld samkvæmt viðurkenndum neyslustaðli*. Ekki þykir ástæða til þess að ætla sérstakt neyslumynstur fyrir aldraða og öryrkja.

Öryrkjabandalag Íslands bendir þó á að fötlun hefur undantekningalítið í för með sér umtalsverðan aukakostnað sem bætist við almenna neyslu.

Virðingarfyllst,

f.h. Öryrkjabandalags Íslands,

Arnbór Helgason

Arnbór Helgason,
framkvæmdastjóri